

295. fundur

Mánudaginn 20. júní 2023, kl. 10:30 kom verðlagsnefnd búvara saman á fjarfundi. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Reynir Þór Jónsson og Pálmi Vilhjálmsson. Hálfán Óskarsson og Helga Ingólfsdóttir boðuðu forföll. Þá sat einnig fundinn, Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Lagður var fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir júní 2023. Gjaldaliðir verðlagsgrundvallar hækkuðu frá mars til júní um 0,99%. Lágmarksverði til framleiðenda var síðast breytt þann 1. apríl 2023, byggt á verðlagi marsmánaðar og er því samanlögð hækkun gjaldaliða einnig 0,99% frá síðustu verðlagningu. Að loknum umræðum og yfirferð einstakra gjaldaliða var verðlagsgrundvöllurinn staðfestur.

2. Iðnaðarlíkan

Lagt var fram reiknilíkan gjaldaliða hjá mjólkursamlögum til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði ásamt glærुकynningu. Líkanið byggir á rauntölum úr ársreikningi Mjólkursamsölnunnar og opinberum hagtölum um þróun rekstrarkostnaðar. Frá síðustu verðákvörðun í mars til júní 2023 er reiknuð hækkunarþörf líkansins 1,00% vegna vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Að loknum umræðum og yfirferð einstakra gjaldaliða var iðnaðarlíkanið staðfest.

3. Verðlagning

Lögð fram tillaga um að hækka lágmarksverð mjólkur til bænda um því sem nemur hækkun kostnaðarliða verðlagsgrundvallar, um 0,99%. Tillagan var samþykkt. Fulltrúi BSRB sat hjá.

Þá var lögð fram tillaga um að heildsöluverð mjólkurvara verði ekki hækkað að sinni, að undanskildu verði á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli sem hækki þó aðeins um sem nemur hækkun hráefniskaupa. Fram kom að brýnt væri að reyna stemma stigu við alvarlegum kringumstæðum vegna verðbólgu og að mjólkuriðnaðurinn vildi leggja sitt af mörkum til þess með því að verði til neytenda yrði ekki breytt samhliða hækkun afurðaverðs. Staða bænda væri hins vegar alvarleg eftir miklar kostnaðarhækkningar undanfarin misseri og nauðsynlegt væri að afurðaverð endurspegli það, þó þeim kostnaði yrði ekki velt út í verðlag. Svigrúm iðnaðarins væri þó ekki takmarkalaust og þessi ráðstöfun gæti ekki verið ekki skuldbindandi til lengri framtíðar. Tillagan var samþykkt. Fulltrúi BSRB sat hjá.

Lágmarksverð til bænda hækkar þann 1. júlí um 0,99% úr 124,96 kr./ltr í 126,20 kr./ltr. Heildsöluverð á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli hækkar um 0,88%. Heildsöluverð á öðrum mjólkurvörum helst óbreytt.

4. Endurskoðun verðlagsgrundvallar

Formaður upplýsti um að Hagfræðistofnun HÍ væri komin af stað með að leggja drög að nýjum verðlagsgrundvelli og að nefndin yrði upplýst um gang mála í tvígang á meðan ferlinu stæði. Stefnit að því að verkinu verði lokið í desember nk.

5. Önnur mál

- Lagt var til að verðlagsnefnd meti mánaðarlegar breytingar á framleiðslukostnaði mjólkur á grundvelli fyrirbyggjandi verðlagsgrundvallar kúabús, þar til að nýr verðlagsgrundvöllur liggur fyrir. Er talið mjög brýnt að fylgjast örar með kostnaðarbreytingum búrekstrar í ljósi aðstæðna, þ.e. mikilla verðhækkana á öllum megin aðföngum í kjölfar bæði heimsfaraldurs og stríðsástands. Það ásamt vaxtahækkunum hafi leitt til mikilla sviptinga í framleiðslukostnaði í matvælaframleiðslu. Samþykkt að leitað verði til Hagstofunnar um að gögn til framreiknings verðlagsgrundvallar verði útbúin mánaðarlega í stað ársfjórðungslega. Formaður/ráðuneyti upplýsi nefndina í framhaldinu.

- Umræða um mat á framleiðslukostnaði fyrir meðalbú í sauðfjár- og nautgriparækt. Erindum þess efnis var beint til ráðuneytis á síðasta fundi. Samþykkt að ítreka við ráðuneytið að taka erindin til afgreiðslu.
- Ákveðið að næsti fundur verði haldinn í lok ágúst og að haldinn verði staðarfundur þar sem Hagfræðistofnun HÍ verði boðið til fundar til að fara yfir stöðu mála varðandi verðlagsgrundvöll.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 11:30.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson